

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1039
komudagur 13.2.2014



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti
150 Reykjavík
(sent rafrænt á nefnasvid@althingi.is)

Ísafirði 13. febrúar 2014

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkisins í héraði, 143. löggjafarþing, 250. mál.

Fjórðungssamband Vestfirðinga þakkar beiðni nefndarinnar og frest sem veittur var til að skila umsögn vegna seinkunar á kynningu á efni frumvarpsins á Vestfjörðum.

FV byggir athugasemdir sínar við framkvæmd málsins á grundvelli greinargerðar sem fylgir frumvarpinu og kynningu innanríkisráðherra á fjarfundi á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði þann 10. febrúar s.l..

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins hefur mál þetta fengið vandaðan undirbúning. Markmið eru skýr og leiðum að markmiðum er vel lýst. Á grundvelli þessa þá styður FV markmið frumvarpsins og þeim áherslum sem lagðar eru til grundvallar þ.e..

- að gera skýr skil á verkefnum löggæslu, ákærvalds og sýslumanna
- að auka skilvirkni í stjórnýslu ríkisins í héraði
- að efla starfsemi stofnana á landsbyggðinni með tilfærslu verkefna
- nýta aukið hagræði af bættum samgöngum og gagnaflutningi

Stuðningur FV er með þeim fyrirvara að tekið verði tillit til núverandi stöðu landssamgangna og gagnaflutningskerfis á Vestfjörðum við innleiðingu laganna. Ekki eru til staðar heilsárssamgöngur á milli nema hluta núverandi umdæma sýslumannsembætta á Vestfjörðum, þ.e. á milli Bolungarvíkur, Ísafjarðar og Hólmavíkur. Heilsárssamgöngur eru ekki við Patreksfjörð. Í gagnaflutningskerfi vantar tengingu með ljósleiðara til Hólmavíkur við önnur embætti á Vestfjörðum og við landið í heild.

Samkvæmt gildandi samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun er gert ráð fyrir úrbótum á þessum sviðum á Vestfjörðum. Óvissa er um nákvæma tímasetningu verkefna en miða má við árabilið 2018 til 2020 sé þeim að mestu lokið, nema að aukið fjármagn verði sett til þeirra.

FV telur því mikilvægt að framlög til sýslumannsembættis á Vestfjörðum verði aukin við gildistöku laganna m.t.t. að mæta þeim auka tilkostnaði sem staða samgöngukerfa á Vestfjörðum leiðir af sér. Ljóst má vera að starfstöðvar þurfa að hafa faglegt sjálfstæði og því er mikilvægt að fjölga löglærðum fulltrúum. Í dag er t.d. enginn löglærður fulltrúi á Patreksfirði. Þessi aðgerð eykur einnig möguleika að flytja verkefni til þessara starfsstöðva. Í annan stað eru og verða mun meiri fjarlægðir á milli starfsstöðva en annarsstaðar í landinu og verður að gera ráð fyrir auknum ferðakostnaði vegna þessa.

Athugasemdir við einstaka lagagreinar.

2. gr, vísan til 2. mmg, um mörkun umdæmismarka sýslumanna

Að gerð verði breyting á málsgreininni og sett verði í lög að samráð skuli haft við landshlutasamtök sveitarfélaga auk hins tilgreinda samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Marka má af frumvarpinu að umdæmismörk sýslumanna nema sýslumannsins í Vestmannaeyjum, fylgi í meginatriðum skilgreindum starfssvæðum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Við yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga hafa landshlutasamtök sveitarfélaga tekið við verkefnum sem unnin er á svæðisvísu og jafnframt unnið á svæðisvísu að samstarfsverkefnum með ráðuneytum og stofnunum þeirra. Með frumvarpinu er stefnt að auknum tilflutningi verkefna frá ráðuneytum til sýslumanna og telja verður eðlilegt að tryggð sé aðkoma landshlutasamtaka sveitarfélaga og sveitarfélaga að umfjöllun um skipan mála á svæðisvísu.

4. gr.

Í greinargerð með frumvarpinu er lýst ýmsum verkefnum sem embættin gætu tekið að sér og mikilvægt að til sé heimild í lögum að efla þannig starfsemi skrifstofa embættanna víðsvegar um landið. FV gerir hinsvegar athugasemd við umfjöllun um að embætti sýslumanna taki að sér þjónustu við skrifstofur minni sveitarfélag m.a. bókhaldsþjónustu. Á sveitarstjórnarstigi er umræða um aukna samvinnu og eða sameiningu sveitarfélaga. Eðlilegra er að þróun samstarfs eigi sér stað á því stjórnsýslustigi en ekki að mynda skörun á milli stjórnsýslustiga með þessum hætti.

7. gr.

Gert er ráð fyrir að sýslumenn hafi forgöngu um samráð við sveitarfélög og önnur stjórnvöld ríkisins hver í sínu umdæmi. Mikilvægt er að í skýringum með lagagreininni að gefið svigrúm að móta slíkt samráð í hverju umdæmi fyrir sig. Vísað skal hér aftur til aðstæðna á Vestfjörðum sem mótast stöðu landssamgangna og gagnaflutningskerfa og hefur áhrif á uppbyggingu þjónustu.

9. gr.

Telja verður að 9. gr gefi ráðherra mjög víðtæka heimild um skipan mála með útfærslu reglugerðar. Nauðsynlegt er að víðtækt samráð sé við sveitarfélögin þar sem hér mætist nærþjónusta ríkis og sveitarfélaga. Með tillögu á breytingu á 2. gr um samráð við samtök sveitarfélaga ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga við mörkun umdæma er tryggt að slíkt samráð eigi sér stað.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.